

Hlífar sonar.<sup>1</sup> Hana hafði átt fyrr Þóroddr, sonr Tungu-Odds, ok var þeira dóttir Húngerðr, er þar foeddisk upp at Borg með Porsteini.<sup>2</sup> Jófríðr var skorungr mikill. Pau Porsteinn áttu mart barna, en þó koma fá við þessa sögu; Skúli var ellstr sona þeira, annarr Kollsveinn, þriði Egill.<sup>3</sup>

## II. KAPÍTULI

**E**ITT sumar er þat sagt, at skip kom af hafi í Gufu-árós. Bergfinnr er nefndr stýrimaðr fyrir skipinu, norrœnn at ætt, auðigr at fé ok heldr við aldr; hann var vitr maðr. Þorsteinn bóndi reið til skips ok réð jafnan mestu, hver kaupstefna var, ok svá var enn.<sup>4</sup> Austmenn vistuðusk,<sup>5</sup> en Þorsteinn tók við stýrimanninum, fyrir því at hann beiddisk þangat. Bergfinnr var fátalaðr of vetrinn, en Þorsteinn veitti honum vel. Austmaðrinn hendi mikit gaman at draumum.

Um várit einn dag röddi Þorsteinn um við Bergfinn, ef hann vildi ríða með honum upp undir Valfell; þar var þá þingstóð þeira Borgfirðinga; en Þorsteini var sagt, at fallnir væri búðarveggir hans. Austmaðrinn

<sup>1</sup> Hér bætir 18 enn við: *Gunnarr hefir bæzt vigr verit ok mestr fimleikamaðr verit á Íslandi af búandmönnum, annarr Gunnarr at Hliðarenda, þriði Steinþórr á Eyri. Jófríðr var átján vetra, er Þorsteinn sekk hennar; hon var ekkja.* Sbr. um þetta Hænsa-Þóris s., 17. kap., Eyrb., 12. kap.

<sup>2</sup> Sjá Landn., 87. og 375. kap.; Egils s., 79. kap., og Hænsa-Þóris s., 17. kap. Egils saga og Hænsa-Þóris saga geta þó ekki Húngerðar.

<sup>3</sup> Í Egils sögu, 79. kap., eru talin upp 10 börn þeirra Þorsteins og Jó-

fríðar, 8 synir og 2 dætur. Aldursröðin á sonum þeirra er þar talin svo: Grímur var elztur, annar Skúli, þriðji Porgeir, fjórði Kollsveinn, fimmti Hjörleifur, sjötti Halli, sjöundi Egill, áttundi Þórður. Þess ber að geta, að Grímur fél 10 vetra gamall (um 978), og var Skúli því elztur, er Gunnlaugs saga hefst.

<sup>4</sup> Hér er átt við, að Þorsteinn hafi ráðið mestu um verðlag á varningi kaupmanna, sbr. um Tungu-Odd, Hænsa-Þóris s., bls. 8.

<sup>5</sup> hér ok hvar b. v. 557.